Heimsókn til Kristiansand

27. – 30. maí 2019

reykjanesbaer.is

Heimsókn til Kristiansand

27. - 30. maí 2019

Inngangur

Undirbúningur fyrir náms- og kynnisferð nokkurra lykilstarfsmanna Reykjanesbæjar til vinabæjarins Kristiansand í Noregi hófs á vordögum 2019. Í upphafi var stefnt að því að embættismenn fengju sérsniðnar kynningar út frá mismunandi sér- og áhugasviði hvers og eins. Horfið var hins vegar frá því skipulagi og ákveðið að allir færu í gegnum sama prógramm. Þó að eitthvað megi segja að hafi tapast með því fyrirkomulagi má segja að kostirnir hafi verið þeir að þannig fengum við betri heildarsýn yfir áherslur í þjónustu sveitarfélagsins enda samræmist það mjög vel aukinni áherslu hér heima á þverfagleika í þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Ferðin var skipulögð frá 27.-30. maí 2019. Þrír starfsmenn tóku reyndar forskot á sæluna og héldu af stað degi fyrr eða á sunnudeginum 26. maí. Það var gert til þess að nýta mánudaginn í heimsóknir í önnur sveitarfélög eins og fram kemur í lýsingum hér á eftir.

Við komuna til Kristiansand eða réttara sagt á þriðjudagsmorguninn tóku á móti okkur Eva Berglund Åsland sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og Ragnar Evensen framkvæmdastjóri Kristiansand. Ragnar sagði okkur frá helstu áherslum og áskorunum í Kristiansand. Hann lagði áherslu á þá styrkleika sem Kristiansand stendur fyrir. Hann kallaði Kristiansand „skapandi borg með mikinn metnað“. Árið 2018 var Kristiansand valin „Mest aðlaðandi borgin í Noregi“.

Stöðugur og hæfilegur vöxtur hefur verið hjá þeim allt frá áttunda áratugnum og búa nú 93.000 manns í borginni sjálfri en alls 141.000 manns með svæðinu í kring sem tilheyrir Kristiansand.

Eins og fyrr segir er mikil áhersla lögð á nýsköpun í Kristiansand og eru til að mynda nokkrar nýsköpunarmiðstöðvar starfræktar í borginni eða svokallaðir „Start-up hubs“. Skólarnir í Kristiansand eru góðir þar sem einnig er lögð mikil áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf. Háskólinn „The University of Agder“ er einnig vinsæll.

Kristansand hefur sterkt velferðarkerfi og leggur áherslu á að borgin sé aðgengileg og aðlaðandi fyrir alla. Þau líta á sig sem menningarborg og fóru þær áherslur ekkert á milli mála eins og vikið verður að síðar í þessari samantekt.

Mikil áhersla er einnig lögð á afþreyingu, hreyfingu og útivist. Kristiansand hefur meðal annars hlotið nafnbótina „The most bicycle-friendly major city in Norway“.

Kristiansand skilgreinir sig ennfremur sem fjölmenningarlega borg, „Multicultural, international city“, en í borginni býr fólk frá 160 þjóðlöndum.

Kristiansand er hafnarborg og fer daglega ferja með farþega milli Noregs og Danmerkur. Starfsemi hafnarinnar verður gerð góð skil hér á eftir.

Kristiansand er í sameiningarferli þar sem þrjú sveitarfélög eru sameinuð, auk Kristiansand eru það Songdalen og Søgne. Um er að ræða stærsta samruna í sögu suðurhluta Noregs. Heiti nýja sveitarfélagsins verður Kristiansand og er framtíðarsýn þess skýr. Nýja Kristiansand hefur það að markmiði að verða besta sveitarfélagið í Noregi.

Guðlaugur Helgi Sigurjónsson
Halldór Karl Hermannsson
Hera Ósk Einarsdóttir
Helgi Arnarson
Kjartan Már Kjartansson
Regína Fanný Guðmundsdóttir
Sigurgestur Guðlaugsson

Skipulagsmál – bær við alþjóðaflugvöll

Lent var á Gardemoen flugvellinum við Osló á sunnudeginum 26. maí þar sem Tom Staahle „bæjarstjóri“ Ullensaker tók á móti þeim Guðlaugi, Halldóri og Sigurgesti. Gardermoen er eins og þekkt er aðalflugvöllur Noregs. Stendur norðaustur af borginni í um það bil 50 kílómetra fjarlægð frá miðborg Oslóar. Um flugvöllinn fara 28 milljón farþegar á ári og það svæði sem hefur vaxið hraðast í Noregi undanfarin ár er svæðið umhverfis flugvöllinn, Ullensakker. Ullensakker er í raun sýsla, og stærsti bærinn í sýslunni heitir Jessheim. Tom er pólitískt ráðinn bæjarstjóri en í haust verða sveitarstjórnarkosningar í Noregi. Jessheim er mjög líkur Reykjanesbæ sem stærsti bær við flugvöll og Ullensaker er þá sambærilegt Suðurnesjum (Reykjanesbæ/ Suðurnesjabæ).

Hjá sveitarfélaginu starfa um 2500 manns. Þar eru 15 grunnskólar en þar er öðruvísi aldursskipting. Eins árs til sex ára eru í leiksóla en leikskólar eru opnir frá kl. 7:30-17:00 og engir biðlistar eru hjá sveitarfélaginu. 1.-6. bekkur eru í sér skólahúsnæði og síðan tekur við „miðháskóli“ fyrir nemendur í 7., 8. og 9. bekk. Eins og flestir vita er hraðlest frá Gardemoen til Oslo líkt og rætt er um hér á okkar svæði, þ.e. að vera með hraðlest milli FLE og Reykjavíkur. Það kom fram í spjalli við Tom að íbúar Jessheim nýta ekki þessa lest sem samgöngumáta nema í litlum mæli. Bæði er þetta dýrt og óhentugt þar sem hún stoppar ekki í bænum heldur þyrfti líkt og hér er verið að tala um að fara upp í Flugstöð með tilheyrandi vandræðum. Hins vegar eru almenningssamgöngur mun betri við Gardermoen en við eigum að venjast hér heima. Þannig er Flybus einungis einn af þremur „strætóum“ sem stoppa við flugstöðvarbygginguna. Hinir tveir aka annars vegar um nágrenni flugvallarins og tengja hann við bílastæði og flugvallarhótel. Auk svæðis strætósins sem stoppar beint fyrir utan flugstöðina á sama stað og hinir tveir. Þar fyrir utan gengur hefðbundin lest um svæðið og til miðborgar Oslóar og vegurinn á milli borgar og flugvallar er hraðbraut þar sem á stóum hluta er 110 km hámarkshraði.

Mikil uppbygging er á þessu svæði með tilheyrandi fólksfjölgun, en undanfarin ár hefur verið 4,5% vöxtur á svæðinu. Búið er að skipuleggja 5500 ekra svæði undir svokallað „Airport city“ og gert er ráð fyrir 25-40 þúsund starfsmönnum vegna þessarar uppbyggingar. Sérstakt fyrirtæki, Oslo Airport City, vinnur að þessari uppbyggingu. Til að mynda er matmælafyrirtækið „Coop“ að fara í eins milljarða NKR fjárfestingu á svæðinu á næstunni. Tom segir nokkra þætti vera lykilinn að mikilli uppbyggingu á svæðinu. Fyrir það fyrsta borga fyrirtæki ekki skatta til sveitarfélagsins en lögð er meiri áhersla á að fyrirtækin styrki frekar íþróttir og menningu. Tekjur sveitarfélagsins koma frá útsvarsgreiðendum. Athafnamenn hafa unnið með sveitarfélaginu að uppbyggingu miðbæjarins. Flugvöllurinn er líkt og hér stærsti vinnuveitandi í Ullensakker en um 700 starfsmenn eru um hverja milljón farþega á Gardemoen. Þá er hátæknisjúkrahús í Jessheim og er það mjög mikilvægur þáttur í að halda uppi menntunarstigi í borginni. Þá er öll stjórnsýsla einföld og hraðvirk, skipulag liggur fyrir og öll grunnþjónusta er til staðar.

Lærdómur:

Það var mjög gott að hitta Tom og fá hans sýn á uppbygginu svæðisins. Þetta svæði er mjög líkt okkar svæði nema þeir eru líklega 10-15 árum á undan okkur. Við hefðum mjög gott af því að fá að fylgjast meira með þeim í framtíðinni, læra af þeirra misstökum en einnig hvað vel er gert sem greinilega er margt.

Flogið var frá Osló til Haugasunds á mánudeginum 27. maí þar sem Pétur Þór Hafþórsson tók á móti fyrrnefndum fulltrúum Reykjanesbæjar, Guðlaugi, Halldóri og Sigurgesti. Pétur er starfsmaður Geminor. Fyrirtækið sér m.a. um endurvinnslu á timbri og sorpflokkun. Fulltrúar frá Geminor, þar á meðal Pétur, hafa komið til okkar á fund og hafa sýnt áhuga á að nýta Helguvíkurhöfn til að flytja sorp frá Íslandi til endurvinnslu. „Rusl er verðmæti“, er lykillinn að þeirra viðskiptaáætlun. Árið 2007 var öll urðun bönnuð í Noregi. Flokkun og brennsla er nýtt til förgunar á öllu sem fellur til, einnig fráveitu sem vikið er að síðar. Geminor hefur um 55 starfsmenn, eru með verkstöðvar út um alla Evrópu og eru til að mynda stærstir í Bretlandi í þessum geira.

Þeir hafa hug á að flytja timbur og pappa frá Íslandi og hafa hugsað sér að nýta tóm skip frá Íslandi til þess. Þeir hafa rætt við aðila um þennan möguleika og er hann til staðar. Ef það er hægt að bera þetta fyrirtæki við eitthvað sambærilegt á Íslandi þá væri það kannski Sorpa, sem tekur sorp frá móttökustöðvum nema þarna er ekkert urðað heldur allt flokkað og endurnýtt. Í Haugasund hafa þeir 5000 m2 húsnæði sem þeir nota sem geymslu á mismunandi grófleika á spæni. Þessi spónn er svo notaður m.a. í spónaplötur í Póllandi og grófasti spónninn er nýttur til að hita upp hjúkrunarheimili og grunnskóla víða í Noregi.

Síðar þennan sama dag fórum við í flokkunarverksmiðju sem tekur almennt heimilissorp og flokkar sem er þá í raun eins og Kalka, nema þeir sjá ekki um að brenna sorpið heldur einungis flokkun. Um 30 þúsund tonn af sorpi fer í gegnum stöðina á ári og er ekkert urðað heldur annaðhvort endurnýtt eða brennt annarstaðar. Til að mynda fer allur pappi til Danmerkur til endurvinnslu en sorpbaggar fara í brennslustöð í Svíþjóð og er nýtt til orkuvinnslu.

Lærdómur:

Það er niðurstaða okkar að Ísland er langt á eftir Noregi í þessum málum og á meðan leitað er eftir 10 hektara landi (10 fótboltavellir) til urðunar hér, þá er búið að banna alla urðun í Noregi og það fyrir 12 árum. Þetta bann gerir það að verkum að Norðmenn neyðast til að leita annarra lausna í sorpmálum eða í raun nýtingu á þeim verðmætum sem til falla. Við (Reykjanesbær) ættum að vera í forystu annarra til að fara í þessa vegferð. Nýta ætti Helgarvíkurhöfn til að flytja sorp út og brenna það sem ekki er hægt að endurvinna. Það kom einnig mjög á óvart hve snyrtilegt var í kringum báðar þessar móttökustöðvar og mýtan um að það þurfi allt að vera í rusl í kringum svona starfssemi á því ekki við.

Um 200 þúsund tonn af sorpi fellur til á ári á Íslandi en lágmarks sorp til að svona rekstur gangi er að mati þeirra hjá Geminor um 50 þúsund tonn.

Rafræn stjórnsýsla og samruni sveitarfélaga

Á þriðjudagsmorgun 28. maí kynnti Kari Røskaft, verkefnastjóri yfir innleiðingu á rafrænni stjórnsýslu. Frá því nóvember 2017 hefur Kristiansand verið í sameiningarferli við tvö önnur sveitarfélag sem liggja næst landfræðilega og frá og með 1. Janúar 2020 verða þessi þrjú sveitarfélög að einu undir nafni Kristiansand. Kari var ráðin sem verkefnastjóri á meðan á ferlinu stendur en tekur svo stöðu framkvæmdastjóra upplýsingasviðs sameinaðs sveitarfélags í júlí 2019.

Verkefnið snýst bæði um að fara yfir upplýsingatæknikerfi sem hvert sveitarfélag er að nota í dag, kortleggja þau og finna skörun og í framhaldi að taka ákvörðun um hvaða kerfi og hugbúnaður verður notaður í sameinuðu sveitarfélagi. Verkefnið snýst ekki síður um það að smíða rafræna þjónustu fyrir bæði íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu sem lýtur m.a. að umsóknum og eftirfylgni umsókna, upplýsingagjöf sem snýr að hverjum íbúa/fyrirtæki, þátttöku íbúa og fyrirtækja í málefnum og ákvörðunartöku sveitarfélagsins og svo opin upplýsingagjöf sem snýr að öllum málaflokkum.

Í byrjun var ferlið teiknað upp og raðað í áfanga og svo unnið eftir því í tímaröð:

Verkefnin eða áfangarnir sem þurfti að kortleggja og síðan taka ákvörðun um hvað væri best fyrir sameinað sveitarfélag voru eftirfarandi:

1. Upplýsingatæknikerfi/hugbúnaður
2. Skjalavarsla
3. Fjárhagsbókhald, launakerfi og mannauðskerfi
4. Kerfi sem heldur utan um um velferð og heilsu íbúa
5. Umhverfis- og skipulagsmál
6. Sameiginlegt kerfi fyrir fræðslumálefni
7. Persónuvernd – í kerfunum
8. Rafræn stjórnsýsla

Snemma í ferlinu var sett markmið um hverju skyldi vera lokið á árinu 2018 og var því náð:

- Umsókn um vínveitingaleyfi
- Umsóknir um styrki vegna sjálfboðavinnu fyrir ýmis verkefni hjá sveitarfélaginu
- Bókunarsíða þar sem hægt er til að mynda að bóka sali og aðstöðu í íþróttamannvirkjum og þar sem íbúar eða fyrirtæki geta bókað fundarherbergi í ráðhúsinu sem er opið fyrir alla gegn gjaldi

Lærdómur: Margt er hægt að læra af því sem er að gerast í sameiningarferli þessara sveitarfélaga hvað rafræna stjórnsýslu varðar og eins um upplýsingakerfi og hugbúnað. Reykjanesbær mun á næstu misserum halda áfram þróun á Mínu Reykjanesi og auka þjónustu þar rafrænt við íbúa sveitarfélagsins og fyrirtæki sem hér starfa. Einn af þeim lærdómum sem draga má af vinum okkar í Kristiansand í þessu ferli er að þeir fóru þá leið snemma að útnefna svokallaða „pioneers“ sem hjálpa til við að upplýsa um þarfir og viðmót við notendaumhverfi sem sveitarfélagið vill bjóða upp á.



Kynningin var vel fram sett og um leið upplýsandi.

Velferðarmál – nýjar leiðir

Þriðjudaginn 28. maí 2019 fengum við kynningu á áhugaverðum verkefnum í vinnu með fjölskyldur og þverfaglegt samstarf í anda forvarna og snemmtækrar íhlutunar. Fyrra verkefnið kallast New Patterns.

New Patterns hefur það að meginmarkmiði að rjúfa hinn félagslega arf og vinna gegn barnafátækt, en í Noregi vex eitt af hverjum tíu börnum upp við fátækt.

Markhópurinn í verkefninu eru fjölskyldur með lágar tekjur sem njóta langtímastuðnings félagsþjónustunnar. Með íhlutun er stefnt að því að fyrirbyggja eða rjúfa það mynstur að alast upp í fátækt leiði til þess að börn sem fullorðnir einstaklingar búi við sömu skilyrði, þ.e. lágar tekjur, þörf fyrir félagslegan stuðning og heilsufarslega áhættuþætti sem oftast fylgja þessum aðstæðum.

Um er að ræða langtímaverkefni til fimm ára. Einn málastjóri fer með málefni hverrar fjölskyldu, hvort sem hún er lítil (foreldri og barn) eða stór (foreldrar með eitt eða fleiri börn) og er unnið með hverjum og einum fjölskyldumeðlimi, börnum og fullorðnum og þjónusta frá ólíkum „kerfum“ samþætt eftir því sem við á í hverri fjölskyldu. Málastjóri samþættir og er tengiliður þessara kerfa, heilsugæslu, skóla, tómstundar, frístundar o.s.frv. og heldur utan um áætlanagerð, markmið og mat á árangri. Hver málastjóri eða ráðgjafi er með tíu fjölskyldur. Með málastjórum er markmiðið að bæta samvinnu og þjónustu mismunandi kerfa, auka gæði í þjónustunni og skapa traust milli notenda og þjónustukerfa. Verkefnið er langtímaverkefni þar sem fókusinn er á tvær kynslóðir en það er talið nauðsynlegt til að ná fram raunverulegum og viðvarandi breytingum.

Það eru ellefu sveitarfélög í Agder sýslu sem taka þátt í þessu forgangsverkefni en það er leitt af sveitarfélaginu Kristiansand.

Mikið er lagt upp úr mælingum og eru þær gerðar í upphafi, reglulega á meðan á verkefninu stendur og auk þess verður þátttakendum fylgt eftir í svokallaðri „follow-up study“ og athugað hvernig börnunum reiðir af að fimmtán árum liðnum.

Lærdómur: Áhugavert verkefni til innleiðingar í félagsþjónustu sveitarfélagsins. Mætir vel nýjum áherslum og líklegt til árangurs til lengri tíma. Forvarnir, snemmtæk íhlutun.

Snemmtæk íhlutun

Síðara verkefnið sem við fengum kynningu á er rannsóknarverkefni sem nefnist Good Start. Um er að ræða stafrænt kerfi sem safnar upplýsingum um geðheilbrigði og lífsgæði barna og unglinga. Þessar upplýsingar eru síðan aðgengilegar og notaðar í ráðgjöf við börn og ungmenni á heilsugæslustöðvum barna, halda utan um og gefa yfirsýn yfir heilsufar, vísbendingum um heilsufar og áskoranir í lýðheilsu barna og unglinga og eru hluti af sjúkrasögu og notaðar í rannsóknartilgangi.

Niðurstöður rannsóknanna er hægt að fá greinda niður á skóla, eftir kynjum þar sem mælt er m.a. fyrir einkennum þunglyndis, hvort framhaldsskólanámi er lokið á tilteknum tíma, upplýsingar um skólagöngu foreldra eru skráðar o.s.frv.

Eins og víða þá er aukinn geðheilbrigðisvandi áhyggjuefni í Noregi meðal barna og ungmenna. 7% 0-17 ára barna eru með einkenni um geðheilsuvanda og 5% í þessum hópi þurfa göngudeildarþjónustu.

Því er unnið að snemmtækri íhlutun með samstilltu átaki úr ólíkum áttum og fókusinn á

- vímuefnalausar tómstundir barna og ungmenna
- þverfaglegt samstarf stofnana og þjónustuveitenda – allir bera ábyrgð
- New Patterns til að sporna við barnafátækt
- heilsueflingu í leik- og grunnskólum

Notast er við ýmsa skimunarlista við söfnun upplýsinga. Mælingar ná til fimm þátta; tilfinninga- og hegðunarvanda, ofvirkni, félagslegrar hegðunar og samskipta við jafnaldra. Skimunarlistar eru lagðir fyrir foreldra, starfsmenn leik- og grunnskóla og börn frá 11 ára aldri. Hægt er að nota þá fyrir aldurshópinn 2-17+

Markmiðið með Good start er að auka þverfaglegt samstarf, bæta geðheilbrigði og heilsu barna og ungmenna og stuðla að jöfnuði meðal barna og ungmenna og draga þannig úr ójöfnuði sem skapast á grundvelli verri geðheilsu og lélegri lífsgæða. Good start er hluti af snemmtækri íhlutun og leggur sitt af mörkum með gagnreyndu mati á þróun geðheilsu og lífsgæða meðal barna, gefur yfirsýn á geðheilsu og lífsgæði og með árangursríku mati verður íhlutun þáttur í að bæta lýðheilsu barna og ungmenna.

Lærdómur: Skoða hvaða skimunarlistar eru til og hvernig við erum að nota þá.
Skoða einnig hvort við getum notað betur þá vísa sem til eru í dag s.s. Skólapúlsinn og R&G við stefnumótun og áætlanagerð.

Menning – menningarhúsin í Kristiansand

Þriðjudaginn 28. maí 2019 fengum við að kynnast metnaðarfullum rekstri menningarhúsa í Kristiansand og frekari áformum í þeim geira.

Teateret

Sörlands Kunstmuseeum

Að loknum kynningum og fundum morgunsins var okkur boðið í hádegismat í Teateret (www.teateret.no) sem er fyrrum leik- og menningarhús bæjarins en er nú rekið af einkaaðilum. Þetta er þriðja menningarhúsið sem byggt er á sömu lóð. Starfsemin í því var aflögð þegar „Harpan“ þeirra, www.kilden.com, var tekin í notkun árið 2012 en það hús stendur við hafnarsvæðið. Til stóð að rífa Teateret, sem stendur á frábærum stað í miðborginni, og nota lóðina í annað en hætt var við það vegna fjölda mótmæla. Nú er Teateret rekið af einkaaðilum til prufu, og allt nýtt nema aðal salurinn, og þar má finna veitingastað og nokkra minni sali þar sem m.a. er boðið uppá leiksýningar, tónleika og fleira. Um tilraun er að ræða og ef hún gengur upp gæti verið að rekstraraðilarnir tækju aðal salinn í gegn. Hann er með sæti fyrir tæplega 400 gesti en þarfnast talsverðrar lagfæringar. Við borðuðum hádegismat á veitingastaðnum og á sama tíma var háskólinn með próf í öðrum sal og rokktónleika í þeim þriðja fyrir stúdentana. Allt þetta var að gerast um miðjan dag á þriðjudegi.

Lærdómur; ekki rífa menningarhús ef einhverjir vilja prófa að halda þar úti starfsemi.

Kilden

Eftir hádegismat og kynningu í Teateret heimsóttum við Sörlands Kunstmuseeum sem staðsett er í Kristiansand (https://www.skmu.no/). Þar eru metnaðarfullar sýningar og margir frægir myndlistarmenn, bæði eldri og yngri, hafa sýnt verk sín þar. Málverk, ljósmyndir og video verk var að finna í ýmsum sölum á fjórum hæðum hússins þegar við vorum þar.

Í listasafninu fengum við einnig kynningu á mjög stóru og spennandi verkefni sem bæjaryfirvöld eru að skoða og gengur undir vinnuheitinu Art Block. Aðdragandi verkefnisins er sá að fyrrum íbúi Kristiansand, sem nú er auðugur athafnamaður í London og listaverkasafnari, hefur óskað eftir samstarfi við borgina um endurbyggingu og varðveislu gamallar korngeymslu sem stendur við hlið Kilden („Hörpunnar“). Þessi bygging samanstendur af mörgum sílóum sem áður voru notuð til að geyma hveitikorn sem skipað var á land. Korngeymslan er mjög sérstakt hús, upphaflega teiknuð af þekktum norskum arkitekt og útilokað þess vegna að rífa það að mati heimamanna. Því varð að finna húsinu nýtt hlutverk og eftir mikla alþjóðlega hönnunarsamkeppni standa borgaryfirvöld nú frammi fyrir því að taka ákvörðun um hvort þau vilji fara út í samstarf með auðkýfingnum eða ekki. Ef af verður mun auðkýfingurinn borga breytingar á húsinu og lána umfangsmikið listverkasafn sitt sem verður megin uppistaðan í starfseminni en borgin standa straum af rekstri hússins.

Korngeymslan í dag

Listasafnið Art Block eftir endurbyggingu ef af verður

Lærdómur; ekki rífa gömul og falleg hús eftir frega arkitekta ef til er auðkýfingur sem vill leggja hundruði millljóna eða milljarða í endurbyggingu þeirra og lána listaverkasafnið sitt sem verður uppistaðan í sýningar-haldinu

Umhverfismál – fráveita

Farið var í heimsókn í fráveituhreinsistöðina í Odderey að miðvikudagsmorgninum 29. maí.

Um er að ræða svakalegt mannvirki. Stöðin er sprengd inn í bergið og þurfti að moka út um 100 þúsund rúmmetrum af klöpp til að koma stöðinni fyrir. Stöðin er nýtekin í notkun en þarna á þessu svæði er fyrir stöð sem er frá árinu 2007. Í stöðinni starfa sex starfsmenn í almennu viðhaldi og rekstri.

Helsta ógn þeirra í Kristiansand er ofanvatn, en tíðni stórflóða í bænum hefur aukist mjög mikið. Vegna legu Reykjanesbæjar er ekki líklegt að við lendum í slíku en þetta þarf þó að hafa í huga þegar farið verður í framkvæmdir fyrir ofan byggð á komandi árum.

Fráveituhreinsistöðin í Kristiansand er fimm þrepa hreinsistöð sem skiptist í þriggja þrepa vélræna hreinsun og tveggja þrepa efnasambands hreinsun. Þessi hreinsun er langt umfram það sem við höfum stefnt að í Reykjanesbæ. Þeir eru með búnað til að hreinsa svokallað „micróplast“ sem mikið er rætt um í sambandi við fráveitumál í Evrópu.

Í Kristiansand var ákveðið að vera með eina öfluga og dýra stöð í staðinn fyrir að fara í fleiri minni stöðvar en þar var fyrst og fremst verið að hugsa um reksturinn. Það kostar hins vegar á móti mikið lagnakerfi.



Í hreinsistöðinni kemur fráveitan inn og nánast hreint vatn fer út. Allur massi sem eftir verður er blandaður saman við sand sem nýttur er í vegaxlir þjóðvega Noregs og þykir einnig góður áburður. Þetta er ein af þeim lausnum sem finna þurfti upp eftir að bann við urðun var sett á og vikið hefur verið áður að.

Skoðunarferð um miðbæ Kristiansand

Eftir hádegi á miðvikudeginum 29. maí var haldið með forstöðumanni Umhverfismiðstöðvar Kristiansand í göngutúr um miðbæinn. Það var mjög fróðleg ferð og gaman að sjá hvað aðrir eru að gera í umhverfismálum. Það er mikið lagt upp úr að skreyta bæinn með litlum „skúlptúrum“ og verkum.

Miðbærinn er nánast bíllaus á yfirborðinu en nýtt bílastæðahús er undir ráðhústorginu. Til að mynda eru engin bílastæði við Ráðhúsið sem er í miðbænum, en þar eru hjólageymslur. Flestir starfsmenn þurfa bara að koma sér í og úr vinnu en þeir örfáu starfsmenn sem þurfa vinnu sinnar vegna að nota bíl hafa aðgang að bíl frá sveitarfélaginu.

Annað sem var áhugavert var að þegar unnið var að nýju hverfi austan megin í bænum var samráðshópur stofnaður til að mæta aðgengisþörfum íbúa. Voru til dæmis allir sem komu að hönnun og framkvæmd hverfisins látnir prófa að fara um í hjólastól og blindaðir til að upplifa aðgengi með fötlun. Þá hittist samráðshópur bæjaryfirvalda og fatlaðs fólks um tvisvar sinnum á ári þar sem er farið yfir það sem betur má fara í aðgengismálum í bænum.

Lykil hugmyndarfræðin sem Umhverfissviðið í Kristianssand stendur fyrir er að það eigi að vera eftirsóknarvert fyrir alla íbúa að búa í Kristianssand og er stuðningur pólitískra fulltrúa mikill í þerri viðleitni að bæta umhverfismál með ýmsum litlum sem og stórum verkefnum.

Verksmiðjur Elkem í Kristiansand

Eftir hádegi miðvikudaginn 29. maí voru verksmiðjur Elkem í Kristiansand heimsóttar. Verksmiðjurnar eru staðsettar um það bil 2,5 km frá miðborg Kristiansand og einungis 300 metrum frá næstu íbúabyggð. Verksmiðjurnar hafa staðið þar frá árinu 1907 og hafa eðli máls samkvæmt þróast í gegnum tíðina. Í dag eru þar tvær verksmiðjur, annars vegar Elkem Carbon sem framleiðir carbon skaut fyrir ál- og kísiliðnaðinn og hins vegar sólarkísilverksmiðja REC sem er dótturfyrirtæki í eigu sömu aðila og eiga Elkem.

REC er byggð á gamalli kísilverksmiðju Elkem sem þegar hún var stærst starfrækti fjóra ofna á svæðinu. Í dag framleiðir hún hágæða kísil fyrir framleiðslu sólarsella í einum 14 MW ofni. Kísillinn er hreinsaður og skorinn í Kristiansand, en svo fluttur til Singapore, þar sem hann er unninn áfram í sólarsellur.

Þar sem kísillinn er notaður í sólarsellur er markmiðið að ná fram hæstu gæðum á afurðum verksmiðjunnar. Það þýðir að þau hráefni sem þau nota til framleiðslunnar þurfa jafnframt að vera af hæstu gæðum. Þar af leiðandi nota þau til að mynda forbökuð skaut, sem dregur verulega úr mengun á svæðinu, auk þess sem aðferðir þeirra við að tappa af ofninum eru aðrar en notast er við þegar framleitt er með lægri gæðastuðlum. Þetta er mun verðmætari framleiðsla, en kostnaðurinn við vandaðri hráefni er einni meiri, til að mynda kosta forbökuð skaut fjórfalt á við óbökuð. Þau tappa einnig stanslaust af ofninum og rennur málmurinn í sérstök mót, sem gerir það að verkum að mengun verður mun minni en þegar aftöppun er stopul og málmurinn látinn renna í stórar deiglur eins og gert var í United Silicon. Bæði ryk og mengun verður mun minni auk þess sem fyrirbyggjandi viðhald gerir það að verkum að öll stopp og óvæntar viðgerðir eru í algeru lágmarki.

Jafnvel þó þau séu að framleiða hágæða vöru hefur verð á kísli lækkað um 40% á undanförnum misserum eftir að stórar verksmiðjur voru opnaðar í Kína. Það var á þeim að heyra að ekki mætti búast við því að verðin myndu hækka á ný og því væri ekkert að gera en að endurskoða allan kostnaðargrunn fyrirtækisins. Í því samhengi bentu þau á að þetta væri láglauna vinna í Noregi og þar sem verðin væru mjög lág væri ekki neinu til að dreifa til að hækka þau laun.

Höfnin í Kristiansand

Síðdegis miðvikudaginn 29. maí var tekið á móti okkur á skrifstofu hafnarinnar í Kristjansand af þeim Matthias Bernander markaðsstjóra hafnarinnar og Elin Osnes Strand samskiptastjóra. Kynntu þau starfsemi og framtíðarhugmyndir hafnarinnar.



Höfnin er meðal stærri hafna í Noregi og vegna staðsetningar liggur hún vel við tengingum gagnvart helstu höfnum Evrópu. Hún þjónar öllum þáttum í starfsemi hafna en þeir þættir hafa þó misjafnt vægi í rekstri hennar.

Ferjusiglingar - Ferry – höfnin er næststærsta höfn Noregs er varðar ferjusiglingar og þar með tengingu vöru- og fólksflutninga milli Noregs og mið Evrópu. Ferjusiglingar eru jafnframt stærsti tekjupóstur hafnarinnar eða 38% af heildartekjunum. Þriggja klukkustunda sigling er á milli hafnarinnar í Kristiansand og hafnarinnar í Hirtshals í Danmörku, en sú höfn er með stærri ferjuhöfnum Evrópu.

Sú tenging tengir Kristiansand við mörg Evrópulönd, þar á meðal Ísland. Á tímabili voru vinsælar ferjusiglingar milli Newcastle og hafnarinnar í Kristiansand en rekstrargrundvöllur þeirrar ferjuleiðar brast þegar Ryanair hóf flug milli Noregs og Bretlands. Tvö skipafélög sjá um siglingarnar, Color Line og Fjord Line og fluttu ferjurnar árið 2018 um 1,2 milljónir farþega, 332.000 fólksbíla, 405.000 tonn af vörum og 31.000 flutningabíla/ „trailer“vagna. Síðustu ár hefur höfnin unnið að uppbyggingu landtengingar rafmagns og eru ferjurnar nú landtengdar þegar þær eru í höfn.

Lóðir og lendur – Real Estate – höfnin er stór landeigandi, en 21% af heildartekjum hafnarinnar koma frá þeirri starfsemi.

Fraktflutningar – Container, Cargo og Bulk – höfnin er ein af stærstu vöruhöfnum Noregs, bæði í gámum og lausu efni. Gámasvæði hafnarinnar er 55 hektarar með þremur viðleguköntum. Fraktflutningar eru þriðji stærsti tekjupóstur hafnarinnar. Staðsetning hafnarinnar hentar vel til milliskipa milli flutningaleiða, til tengingar við lestarkerfi landsins og í tengslum vegakerfið. Árið 2018 voru fluttar um höfnina 49.934 TEU gámaeiningar með 452.620 tonn af vörum. Flutningar á lausu efni það ár var 210.649 tonn sem meðal annars var í tengslum við verksmiðjurekstur á svæðinu. Á næstu árum verður aðstaðan flutt til með viðlegukanta og stærra gámasvæði.

Offeshore – þjónusta við olíuiðnaðinn. Töluverð umsvif eru á hafnarsvæðinu í tengslum við þjónustuskip og olíuborpalla en sá þáttur er fjórði stærsti tekjupóstur hafnarinnar.

Skemmtiferðaskip - Cruise – borgin Kristiansand er spennandi viðkomustaður fyrir farþega skemmtiferðaskipa auk þess sem höfnin liggur vel að ýmsum siglingaleiðum þeirra. Árið 2017 tók höfnin í notkun nýjan viðlegukant fyrir skemmtiferðaskip þar sem til staðar er öflug landtenging rafmagns. Árið 2018 komu 51 skip til hafnarinnar með 112.537 farþega.

Önnur starfsemi – smábáthöfn og sjávarútvegur. Góð aðstaða fyrir smábáta er á vegum hafnarinnar

sem og aðstaða til löndunar sjávarafla og viðlegu fiskiskipa. Þessir þættir vega lítið í rekstri hafnarinnar.

Lærdómur: Það er athyglisvert að sjá að um sömu þjónustuþætti er að ræða í höfninni í Kristiansand og hjá Reykjaneshöfn, þó umsvifin séu gerólík. Það sem styður uppbyggingu og rekstur hafnarinnar í Kristiansand eru þættir eins og sérstaða og staðsetning og þar með samkeppnishæfni við aðrar hafnir eða starfsemi. Nálægð hennar við ferjuhöfnina Hirtshals í Danmörku skapar höfninni sérstöðu í ferjusiglingum þar á milli, en tilkoma lággjalda-flugfélags til Noregs kippti fótunum undan ferjusiglingum til Bretlands. Landtengingar í gegnum vega- og lestarkerfi auk tengingar við aðrar fraktleiðir styðja við stöðu hafnarinnar sem gámahafnar og verksmiðjurekstur á svæðinu kallar á flutninga á lausu efni. Lega hafnarinnar gagnvart Norðursjó gerir hana ákjósanlega til þjónustu við olíuiðnaðinn. Saga byggðarinnar í Kristiansand, umhverfið og ýmis afþreying gerir höfnina ákjósanlegan viðkomustað skemmtiferðaskipa þar sem upplifun farþega af viðkomustöðum skiptir miklu máli. Nú leggja hafnaryfirvöld í Kristiansand áherslu á umhverfisþáttinn með því að bjóða landtengingar í öllum stærðarflokkum skipa.

Af ofnagreindu má sjá að til að efla starfsemi Reykjaneshafnar þarf eitthvað að vera til staðar í landi sem kallar á aukna starfsemi eða það þarf að skapa eitthvað í landi sem kallar á slíka aukningu.